



Borgarráð

Seljavegur 1 - Afsal á lóðarskika

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að afsala lóðarskika yfir á eignarlóðir við Vesturgötu 56 og 58 af lóðinni Seljavegur 1.

Greinargerð: Á afgreiðslufundi borgarverkfræðings 7. apríl 1992 var samþykkt breyting á deiliskipulagi að taka fermetra af Seljavegi 1 (84 m²) og leggja við lóðirnar Vesturgötu 56 (72 m²) og Vesturgötu 58 (12 m²). Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur gengið á eftir því við eigendur á Vesturgötu 56 og 58 að þau undirriti yfirlýsingu um breytt lóðarmörk til þinglýsingar sem staðfestir breytinguna frá 1992, svo hægt sé að staðfesta lóðina Seljavegur 1 í þinglýsingarbók (sem ætluð er fyrir Minjavernd).

Athugasemdir bárust frá sýslumanni um að til viðbótar yfirlýsingunni þyrftu að berast afsöl á lóðarskikunum til þinglýsingar. Svo virðist sem að við meðferð skipulagsbreytingarinnar árið 1992 hafi þau sem tóku málið til meðferðar ekki átt að sig á því að lóðirnar sem áttu að stækka hafi verið eignarlóðir, og var lóðarskikunum því ekki afsalað yfir á Vesturgötu 56 og 58. Minnkun lóðarinnar hefur því ekki verið staðfest í þinglýsingu en breytt deiliskipulag er þó enn í gildi. Eigendur hafa fyrir löngu síðan fært garða sína út í hin óstaðfestu lóðarmörki og gæti því verið erfiðleikum bundið að taka þessa breytingu til baka.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar óskar því eftir að borgarráð samþykki að afsala lóðarskikanum til þinglýstra eigenda við Vesturgötu 56 og Vesturgötu 58.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Drög af afsali fyrir Vesturgötu 56, dags. 1. janúar.

Drög af afsali fyrir Vesturgötu 58, dags. 1. janúar.

AFSAL

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 afsalar hér með 72 m² af lóðinni Seljavegur 1 (staðgr. 1.130.219, landnr. 100142) til allra þinglýstra eiganda Vesturgötu 56 (staðgr. 1.130.217, landnr. 100140) sem er 210 m² og verður 282 m².

Allir þinglýstir eigendur Vesturgötu 56 hafa skrifað undir eftirfarandi yfirlýsingu um breytingu lóðarmarka dags. 20.3.2015 sem er dagbókafærð á lóðina dags. 4.10.2017:

„Lóðin **Vesturgata 56** (staðgr. 1.130.217, landnr. 100140) er **210 m²** að stærð. Við lóðina bætast 72 m² sem teknir eru af lóðinni Seljavegur 1 (staðgr. 1.130.219, landnr. 100142). Eftir breytinguna verður lóðin **Vesturgata 56** (staðgr. 1.130.217, landnr. 100140) samtals **282 m²** að stærð, sbr. meðfylgjandi lóðauppskrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingadeildar, dags. 7. apríl 1992.“

Ekki fer fram hefðbundið lögskilauppgjör vegna skatta eða gjalda.

Skv. framangreindu lýsir Reykjavíkurborg, þinglýstra eiganda Vesturgötu 56 löglega eigendur hins selda.

Reykjavík, 8. janúar 2018

Afsalsgjafi:

F.h. Reykjavíkurborgar

Vitundavottar að réttri dagsetningu,
fjárræði og undirritun aðila.

kt.

kt.

AFSAL

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 afsalar hér með 12 m² af lóðinni Seljavegur 1 (staðgr. 1.130.219, landnr. 100142) til allra þinglýstra eiganda Vesturgötu 58 (staðgr. 1.130.218, landnr. 100141) sem er 262 m² og verður 274 m².

Allir þinglýstir eigendur Vesturgötu 58 hafa skrifað undir eftirfarandi yfirlýsingu um breytingu lóðarmarka dags. 20.3.2015 sem er dagbókafærð á lóðina dags. 4.10.2017:

„Lóðin **Vesturgata 58** (staðgr. 1.130.218, landnr. 100141) er **262 m²** að stærð. Við lóðina bætast 12 m² sem teknir eru af lóðinni Seljavegur 1 (staðgr. 1.130.219, landnr. 100142). Eftir breytinguna verður lóðin **Vesturgata 58** (staðgr. 1.130.218, landnr. 100141) samtals **274 m²** að stærð, sbr. meðfylgjandi lóðauppskrátt Umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingadeildar, dags. 7. apríl 1992.“

Ekki fer fram hefðbundið lögskilauppgjör vegna skatta eða gjalda.

Skv. framangreindu lýsir Reykjavíkurborg, þinglýstra eiganda Vesturgötu 58 löglega eigendur hins selda.

Reykjavík, 8. janúar 2018

Afsalsgjafi:

F.h. Reykjavíkurborgar

Vitundavottar að réttri dagsetningu,
fjárræði og undirritun aðila.

kt.

kt.